

Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands. MYND/PORKELL PORKELSSON

Læknafélag Íslands fagnar hundrað ára starfsafmæli

Umhverfið verður í aðalhlutverki á 100 ára afmæli Læknafélags Íslands. Afmælisárið hefst með pompi og prakt á Læknadögum í Eldborg 15. til 19. janúar þar sem almenningi er boðið að taka þátt í umræðunni um umhverfisvandamál og stöðu heilbrigðiskerfisins.

TÍMAMÓT Læknafélag Íslands var stofnað árið 1918 og verður 100 ára núna í janúar. Í nýjasta tölublaði Læknablaðsins er stofnun félagsins gerð góð skil. Einnig er fjallað um þema afmælisársins sem er Læknirinn og umhverfið. Bæði er þá vísað til umhverfis læknisins sjálfs og til umhverfisins og breytinga á því vegna hlýnunar jarðar.

Vegleg dagskrá verður allt árið um kring en þar má nefna sem dæmi Listasmíðjur lækna í febrúar, flugukastsnámskeið í mars og fjallgöngu með FÍFL, eða Félagi fjallalækna í september.

„Við erum að reyna að efla félagsandann hjá okkur og samstöðuna. Við verðum að horfast í augu við það sem er að gerast víða og hjá okkur líka. Það er mikið álag á lækna og við erum farin að sjá aukin merki um kulnun í starfi. Þetta er kannski stærsta ógnin sem við sjáum hjá okkur læknum,“ segir formaður Læknafélags Íslands, Reynir Arngrímsson.

„Heilbrigðisyrifvöld í öðrum löndum hafa verulegar áhyggjur af þessari þróun. Læknar eru að keyra sig út í vinnu og detta út af vinnumarkaði allt of snemma vegna kulunnar í starfi. Við viljum nota árið til að vekja athygli stjórnvalda á þessari þróun. Það er ekki bara vandamál læknisins sem lendir í þessu. Þetta er vandamál fyrir stofnunina sem hann vinnur fyrir og heilbrigðiskerfið í heild sinni.“

Einnig verður lögð áhersla á sjónarmið lækna í umræðum um umhverfis- og lofslagsbreytingar. „Læknar úti í heimi hafa verið að fylgjast með þessari þróun og reyna að gera sér í hugarlund hvaða áhrif þetta hefur á heilsu eða lýðheilsu. Það sem menn sjá fyrir sér eru til dæmis breytingar á útbreiðslu smitsjúkdóma. Við höfum séð faraldra eins og ebólu og zika síðustu ár í Afríku og Ameríku.


En þetta gæti breyst með hlýnun jarðar. Svo er það mengunin og áhrif hennar á heilsufar,“ segir Reynir.

„En menn eru einnig að velta fyrir sér hvort það séu tækifæri í þessu, hvort það sé hægt að bregðast við þessu. Við þurfum að nota bilinn minna, fólk færi að hreyfa sig meira og þetta hefur líka áhrif á matvælaframleiðslu. Það eru þannig ýmis neikvæð áhrif, en ef við bregðumst við fyrr en síðar gæti það haft jákvæð lýðheilsuleg áhrif.“

„Dagarnir eru öllum opnir en sérstaklega hvetjum við þá sem hafa áhrif í umhverfismálum að mæta og taka þátt í umræðunni. Ég held það sé mikilvægt fyrir almenning, fræðimenn á öðrum sviðum og ráðamenn að koma og heyra þessi sjónarmið frá læknum. Þetta snýst um svo miklu meira en bara mengun. Þetta snýst um hvernig heilbrigðisþjónustan mun þróast,“ segir Reynir.

Á Læknadögum verður mjög fjölbreytt dagskrá en meðal þeirra sem flytja ávörp eru Andri Snær Magnason, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, doktor Antony Costello, framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og doktor Karine Nordstrand, formaður norsku landssamtakanna Læknar án landamæra.

lovissaa@frettbladid.is



Úrklippa úr Læknablaði Íslands eftir stofnun félagsins árið 1918 sem sýnir stofnmeðlimi þess. Læknafélagið stefnir á að efla samstöðuna í félaginu á 100. starfsárinu.